Reglur um ofgeidd eða vangreidd launa

Inngangur

Í útgefnu áliti umboðsmanns Alþingis og í dómum Hæstaréttar hefur komið fram, að þegar um launagreiðslur er að ræða hafi launþegi ríka hagsmuni af því að launauppgjör sé endanlegt. Þegar um ofgreidd laun er að ræða skiptir máli hvort launþegi hafi mátt vita að launagreiðslan væri röng, en þó ekki síður að launagreiðandi sýni ekki af sér tómlæti og láti óþarfa tíma líða frá launagreiðslu og þar til launþega er tilkynnt um hin röngu laun og ástæður þeirra.

Við framsetningu forsendna launa, frágang vinnuskila og launaútreikning geta komið upp villur sem mikilvægt er að bregðast við án ástæðulausrar tafar. Þessar villur geta bæði varðað of- og vangreidd laun. Ástæður þess mismunar á réttum og röngum launum sem upp kemur geta verið margs konar, en sem dæmi má nefna að röðun í launaflokk sé röng, ekki fullnægjandi upplýsingar berast til launafulltrúa frá handhafa ráðningarvalds eða forsendur um lok vinnuskyldu og þar með réttar til launa standist ekki.

Reglur

Ábyrgð þess að hálfu Dalvíkurbyggðar að samskipti við launþega vegna of- eða vangreiddra launa séu eðlileg og ábyggileg hvílir á handhöfum ráðningarvalds og launafulltrúa.

Eftirfarandi verklag skal viðhaft:

- Að lokinni launakeyrslu í lok hvers tímabils skal launafulltrúi yfirfara launagreiðslur og líta eftir að forsendur og útreikningur sé réttur. Handhafi ráðningarvalds ber ábyrgð á að launafulltrúa sé kunnugt um breyttar launaforsendur.
- Sérstaklega skal launafulltrúi líta eftir að einvörðungu þeir launþegar sem hafa rétt á útreiknuðum launum á viðkomandi tímabili fái greidd laun.
- Ef fram kemur að laun hafi verið of- eða vangreidd skal launafulltrúi gera handhafa ráðningarvalds og fjármála- og stjórnsýslustjóra viðvart eins fljótt og kostur er.
- Launafulltrúi skal tilkynna launþega um hin röngu launaskil. Sú tilkynning skal send svo fljótt sem verða má og ekki síðar en um það bil 6 mánuðum eftir útborgun launa. Afrit bréfs skal sent handhafa ráðningarvalds og til fjármála- og stjórnsýslustjóra.
- Launafulltrúi skráir skuld eða kröfu á viðkomandi launþega og launafulltrúi leiðréttir launaútreikning viðkomandi launþega fyrir næstu útborgun eða ef þetta er krafa á viðkomandi launþega þá koma framfærslusjónarmið í veg fyrir að stór fjárhæð sé dregin af launum starfsmanns í sama mánuði. Best er ef tekst að semja við starfsmann um að dreifa endurgreiðslunni yfir lengra tímabil (halda eftir ákveðinn fjárhæð um hver mánaðamót í tiltekinn tíma).
- Ef starfsmaður er hættur störfum og launauppgjöri við hann er lokið skulu vangreidd laun greidd út án ástæðulausrar tafar eða byrjað að reyna semja við starfsmann um endurgreiðslur vegna ofgreiddra launa.

- Vangreidd laun skulu ávallt leiðrétt, án tillits til þesss hvenær villa uppgötvast.
- Ofgreidd laun sem nema 5.000 kr eða lægri fjárhæð skulu ekki innheimt ef starfsmaður hefur látið af störfum og launauppgjöri er lokið.
- Launafulltrúi ber ábyrgð á að framangreint ferli sé ávallt skjalfest og upplýsingar færðar og geymdar í starfsmannamöppu launþega.

Launþegar bera ábyrgð á því að yfirfara launamiða sína eftir hverja útborgun og láta launafulltrúa eða næsta yfirmann vita ef um van- eða ofgreiðslu launa hafi farið fram.

Ef launaútreikningur og launaútborgun er svo augljóslega röng að launþega mátti vera fullljóst að um ofgreidd laun væri að ræða, skulu innheimtuaðgerðir ávallt ígrundaðar, að höfðu samráði við Launanefnd sveitarfélaga og/eða lögfræðing Dalvíkurbyggðar.

Samþykkt á fundi sveitarstjórnar 25.11.2014.